

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðsins „heimspekideild“ hvarvetna í reglunum kemur: hugvísindadeild.

Heiti reglnanna breytist og verður: Reglur um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 2. gr. breytist og verður svohljóðandi: Umsóknarfrestur er að öllu jöfnu til 15. mars, sé ætlunin að hefja nám að hausti, en til 15. september, ætli nemandi að hefja nám á vormisseri.

Í stað dagsetningarinnar „15. febrúar“ í 8., 14. og 24. gr. kemur: 15. mars.

Í stað dagsetningarinnar „15. mars“ í 8., 14. og 24. gr. kemur: 15. apríl.

3. gr.

Aftan við lokamálslið 1. mgr. 14. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Hugvísindadeild getur ákveðið að tvær eða fleiri skorir standi saman að einstökum námsleiðum til M.A.-prófs (45 e eða 60 e) og falið fagráði eða námsstjórn að fara sameiginlega með það hlutverk sem skorir hafa annars með höndum samkvæmt reglum þessum.

4. gr.

Upphafsmálslíður 16. gr. breytist og verður svohljóðandi: Nám til M.A.-prófs er að jafnaði 60 e.

5. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 10. júní 2005.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.